

Ed. 198. Tillaga til þingsályktunar

um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglínga.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglínga.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn á öruggum samastað fyrir vangæf börn og unglínga, þar sem þeim hlotnist gott uppeldi, er veiti þeim vörn gegn hverskonar spillingu. Gamla máltækið: „Of seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í“, minnir oftlega á sig um þessar mundir, er smærri og stærri hópar af börnum og óþroskuðum unglíngum vekja athygli á sér með ýmiskonar óknyttum og glæpum. Ráðþrota og undrandi stöndum vér andspænis þessari hryggilegu staðreynd og spyrjum: Hvað á að gera við þessi vesalings börn og unglínga?

Oftast nær verða sveitaheimilin þrautalendingin með þau, og á meðan góð heimili í sveit fást til að veita þeim viðtöku, er það ef til vill bezta úrlausnin. En vandkvæði geta orðið á því, að sveitaheimilin geti yfir höfuð tekið slík börn að sér. Er þar meðal annars hin sívaxandi kvenfólksekla á sveitabæjunum þrándur í götu allverulegur, og erfiðleikarnir vaxa eftir því sem börnum þessum fjölgar og fleiri og fleiri smitast af hættulegum sjúkdómum. Það fer því að verða óhjákvæmilegt, að þjóðin eignist gott uppeldisheimili fyrir þau börn og unglínga, sem örðug reynast og óviðráðanleg foreldrum og forráðamönnum og leiðast út á glæpabrautir.

Í öllum nágrannalöndum vorum eru þesskonar stofnanir reknar, ýmist af ríkjum sjálfum eða af einstökum mönnum og félögum, með eða án ríkisstyrks. Með sanni má segja, að á þeim heimilum hafi margur afvegaleiddur unglíngurinn séð að sér og orðið nýtur borgari þjóðar sinnar.

Vel væri, ef íslenska þjóðin sinnti í tíma þessu velferðarmáli vangæfu barnanna sinna, — byrgði brunninn áður en barnið dettur ofan í hann. Því máli til stuðnings er þessi þingsályktunartillaga borin fram.